

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2020

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 644 – 457. mál. Stjórnarfrumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð).

150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 644 – 457. mál. Stjórnarfrumvarp

Inngangur

Rauði krossinn fagnar frumvarpinu sem mikilvægu skrefi í átt að samræmingu á móttöku flóttafólks sem kemur til landsins í boði stjórnvalda sem kvótaflóttafólk, á eigin vegum sem umsækjendur um alþjóðlega vernd eða gegnum fjölskyldusameiningar. Með samþykkt frumvarpsins mun allt flóttafólk sitja við sama borð.

Rauði krossinn lætur sig aðstæður innflytjenda og flóttafólks varða og hefur áratugum saman gætt að hagsmunum þeirra. Félagið hefur lengi talað fyrir jöfnu aðgengi og tækifærum flóttafólks á Íslandi.

Almennar athugasemdir

Líkt og áður segir telur Rauði krossinn að hér sé stigið skref í rétta átt en leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í heildræna stefnumótun sem horfi til allra sviða samfélagsins varðandi gagnkvæma aðlögun flóttafólks og innflytjenda. Slík stefna ætti að verða grundvöllur að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda hverju sinni.

Rauði krossinn telur þau áform til bóta að fjölga eigi fulltrúum í innflytjendaráði með aðila sem fer með heilbrigðismál, sbr. viðbætur í 4. gr. um *Innflytjendaráð*. Rétt er að nefna að í tillögum nefndar um samræmda móttöku flóttafólks skortir hins vegar tengingu við aðila úr heilbrigðisgeiranum og þyrfti einnig að huga að henni. Rannsóknir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (e. *WHO*) gefa til kynna að aðgengi flóttafólks að heilbrigðisþjónustu sé skert víða um heim en flóttafólk er viðkvæmur þjóðfélagshópur sem hlúa þarf sérstaklega að. Sé slíkt gert frá upphafi er líklegra að takast megi að hafa jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan flóttafólks til langframa auk þess sem kostnaður á heilbrigðiskerfið minnkar fyrir vikið. Heilsa og vellíðan flóttafólks eru í raun almannahagsmunir.¹

Athugasemdir við einstaka greinar

Í 2. kafla, 3. gr. a og b fær Fjölmenningarsetur aukið hlutverk og ábyrgð í samræmdri móttöku. Hlutverkið er nokkuð vel skilgreint en Rauði krossinn vill undirstrika mikilvægi þess að samráð við helstu aðila sem koma að málefnum flóttafólks verði bæði formlegt og virkt. Því telur félagið að koma þyrfti fram um hvaða aðila sé átt í neðstu málsgrein 2. gr. a. (3. gr. a.).

Jafnframt þarf að tryggja Fjölmenningarsetri nægilegt bolmagn til að sinna væntanlegu lögformlegu hlutverki.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til að hitta velferðarnefnd til þess að reifa framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.

¹ World Health Organization. (2018). Report on the health of refugees and migrants in the WHO European Region: no public health without refugee and migrant health. Sótt af <http://www.euro.who.int/en/publications/abstracts/report-on-the-health-of-refugees-and-migrants-in-the-who-european-region-no-public-health-without-refugee-and-migrant-health-2018>